# 2001 nr. 75 31. maí
# Lög um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf.

**Tóku gildi 15. júní 2001.** *Breytt með:* L. 129/2003 (tóku gildi 1. jan. 2004).

■ **1. gr.** *Heimild til sölu.*

□ Heimilt er að selja allt hlutafé ríkissjóðs í Landssíma Íslands hf.

■ **2. gr.** *Skuldbindingar.*

□ Um skuldbindingar og starfsemi Landssíma Íslands hf. á sviði fjarskipta fer samkvæmt leyfisbréfi útgefnu af Póst- og fjarskiptastofnun og reglugerð um alþjónustu.

■ **3. gr.** *Gildistaka.*

□ Lög þessi taka þegar gildi.

□ . . .

■ **Ákvæði til bráðabirgða.**

□ Þrátt fyrir ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa, skal hlutabréf ríkissjóðs í Landssíma Íslands hf., útgefið 23. janúar 1998, vera ógilt við útgáfu á rafbréfum í félaginu í verðbréfamiðstöð án undangenginnar innköllunar.

□ Ákvæði 1. mgr. 20. gr. laga um hlutafélög gildir ekki um Landssíma Íslands hf. á meðan hlutafé er að fullu í eigu ríkissjóðs.

□ . . . [1)]

[1)] *L. 129/2003, 1. gr.*

ELDRI ÚTGÁFA